

2020 nr. 144 29. desember**Lög um fæðingar- og foreldraorlof**

Tóku gildi 1. janúar 2021; um lagaskil sjá 58. gr. Breytt með: L. 107/2021 (töku gildi 1. jan. 2022; koma til framkvæmda skv. fyrimælum í 43. gr.). L. 77/2022 (töku gildi 1. jan. 2023; um lagaskil sjá nánar 37. gr. og brákv.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við félags- og vinnumarkaðsráðherra eða félags- og vinnumarkaðsráðuneyti sem fer með lög þessi.

I. kafli. Gildissvið, markmið og orðskýringar.**■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi taka til réttinda foreldra á innlendum vinnumarkaði til fæðingar- og foreldraorlofs. Þau eiga við um foreldra sem eru starfsmenn og/eða sjálfstætt starfandi.

□ Lög þessi taka einnig til réttinda foreldra utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfshlutfalli og foreldra í fullu námi til fæðingarstyrks.

■ 2. gr. Markmið.

□ Markmið laga þessara er að tryggja barni samvistir við báða foreldra.

□ Þá er lögum þessum ætlað að gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

■ 3. gr. Fæðingar- og foreldraorlof.

□ Fæðingar- og foreldraorlof er leyfi frá launuðum störfum sem stofnast til við fæðingu barns, frumættleiðingu barns sem er yngri en átta ára og töku barns sem er yngri en átta ára í varanlegt föstur. . . .¹⁾

¹⁾ L. 77/2022, 38. gr.

■ 4. gr. Orðskýringar.

□ Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Fullt nám*: 75–100% samfellt nám, verklegt eða bóklegt, við viðurkennda menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem varir í a.m.k. sex mánuði og getur því verið um að ræða tímabil sem afmarkast ekki af heilum almanaksmánuðum. Enn fremur er átt við 75–100% nám á háskólastigi og annað nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

2. *Samfellt starf*: A.m.k. 25% starfshlutfall í hverjum mánuði á innlendum vinnumarkaði yfir tiltekið tímabil og getur því verið um að ræða tímabil sem afmarkast ekki af heilum almanaksmánuðum. Enn fremur teljast til samfellds starfs þau tilvik sem talin eru upp í [a–f-lið]¹⁾ 2. mgr. 22. gr.

3. *Sjálfstætt starfandi*: Foreldri sem starfar við eigin rekstur samfellt í a.m.k. 25% starfshlutfalli, án tillits til félagsforms sé eignarhlutur þess í félaginu meiri en 25%, og foreldrinu er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattfyrvalda, skil á tryggingagjaldi. Hið sama gildir um foreldri sem er maki foreldris skv. 1. málsl. og um foreldri sem er barn yngri en 18 ára inni það af hendi samfellt starf við rekstur foreldris síns og það foreldri fellur undir 1. málsl.

4. *Starfsmaður*: Foreldri sem vinnur launað starf í annarra þjónustu samfellt í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði. Hið sama gildir um foreldri skv. 3. tölul. sem starfar við eigin rekstur samfellt í a.m.k. 25% starfshlutfalli í félagi sem það á 25% eða minni eignarhlut í. Þó á hugtakið starfsmaður í XI. kafla við um alla sem vinna launuð störf í annarra þjónustu.

5. *Starfsmaður og sjálfstætt starfandi*: Foreldri sem starfar samfellt í a.m.k. 25% starfshlutfalli samanlagt í hverjum mánuði skal teljast starfsmaður skv. 4. tölul. hafi það

starfað sem starfsmaður í 50% eða hærri starfshlutfalli en að öðrum kosti teljast sjálfstætt starfandi skv. 3. tölul.

¹⁾ L. 77/2022, 38. gr.

II. kafli. Stjórnsýsla.**■ 5. gr. Yfirstjórn.**

□ Ráðherra fer með yfirstjórn fæðingar- og foreldraorlofsmála samkvæmt lögum þessum.

■ 6. gr. Fæðingarorlofssjóður.

□ Fæðingarorlofssjóður skal annast greiðslur, sbr. V. kafla, til foreldra sem eiga rétt til greiðslna í fæðingarorlofi. Fæðingarstyrkur til foreldra skv. VIII. kafla og greiðslur skv. X. kafla greiðast úr ríkissjóði.

□ Fæðingarorlofssjóður skal vera í vörslu Vinnumálastofnunar sem sér um reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins og greiðslu fæðingarstyrks í umboði ráðherra.

□ Fæðingarorlofssjóður skal fjármagnaður með tryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald, og með vöxtum af innstaðufé sjóðsins.

□ Ráðherra skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar. Skal sjóðurinn árlega gera fjárhagsáætlun sem ráðherra leggur fyrir þann ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins við undirbúning fjárlaga.

□ Reikningar Fæðingarorlofssjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

□ Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

□ Vinnumálastofnun skal vinna skýrslu árlega um nýtingu réttinda samkvæmt lögum þessum.

■ 7. gr. Úrskurðarnefnd velferðarmála.

□ Úrskurðarnefnd velferðarmála skal kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laga þessara.

□ Um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála skal fara samkvæmt ákvæðum laga um úrskurðarnefnd velferðarmála og almennum málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga.

□ Vinnumálastofnun skal láta úrskurðarnefnd velferðarmála í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar sem nefndin telur þörf á að afla frá stofnuninni.

□ Úrskurðir nefndarinnar um endurkröfu ofgreiðslna samkvæmt lögum þessum eru aðfararhæfir.

□ Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Stjórnsýslukæra frestar þó aðför, sbr. 6. mgr. 41. gr., á grundvelli ákvörðunar Vinnumálastofnunar um endurkröfu ofgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eða ofgreidds fæðingarstyrks.

III. kafli. Fæðingarorlof.**■ 8. gr. Réttur foreldra til fæðingarorlofs.**

□ Foreldrar eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að sex mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt föstur. Þrátt fyrir framangreint er foreldri heimilt að framselja sex vikur af sjálfstæðum rétti sínum til hins foreldrisins.

□ Réttur til fæðingarorlofs stofnast við fæðingu barns. Þrátt fyrir að réttur foreldris til fæðingarorlofs stofnist við fæðingu barns, sbr. 3. gr., er foreldri heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, sem staðfestur skal með vottorði ljósmóður, og skal sá tími teljast hluti af sjálfstæðum rétti þess foreldris til fæðingarorlofs. Réttur til fæðingarorlofs vegna fæðingar barns fellur niður er barnið nær 24 mánaða aldri.

□ Foreldri sem fætt hefur barn skal vera í fæðingarorlofi að minnsta kosti fyrsta hálfa mánuðinn eftir fæðingu barns. Skal

sá tími teljast hluti af sjálfstæðum rétti þess foreldris til fæðingarorlofs og skal orlofið eigi hefjast síðar en við fæðingu barns. Sinni foreldri ekki skyldu sinni skv. 1. málsl. telst umræddur tími samt sem áður hluti af sjálfstæðum rétti foreldrisins til fæðingarorlofs.

□ Við frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur stofnast réttur til fæðingarorlofs þegar barnið kemur inn á heimilið, enda staðfesti [barnaverndarþjónusta]¹⁾ eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Í þeim tilvikum þegar barnið kemur inn á heimilið og um er að ræða reynslutíma áður en til frumættleiðingar eða varanlegs fósturs getur komið er heimilt að miða við að réttur til fæðingarorlofs stofnist við upphaf þess tíma, enda staðfesti [barnaverndarþjónusta]¹⁾ eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef foreldrar þurfa að sækja barnið til annars lands er heimilt að miða við að réttur til fæðingarorlofs stofnist við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fái frumættleitt. Réttur til fæðingarorlofs vegna frumættleiðingar eða varanlegs fósturs barns fellur niður 24 mánuðum eftir að barnið kom inn á heimilið.

¹⁾ L. 107/2021, 44. gr.

■ **9. gr.** *Lenging, framsal eða tilfærsla á rétti foreldris til fæðingarorlofs.*

□ Þrátt fyrir 1. mgr. 8. gr. skal foreldri öðlast rétt til fæðingarorlofs í allt að tólf mánuði hafi hitt foreldrið andast á meðgöngu barns og barn fæðist lifandi. Hið sama gildir um einhleypt foreldri sem hefur gengist undir tæknifrjövgun eða einhleypt foreldri sem hefur frumættleitt barn eða tekið barn í varanlegt fóstur.

□ Foreldri sem fætt hefur barn skal öðlast rétt til fæðingarorlofs í allt að tólf mánuði í þeim tilfellum þegar foreldrið er ekki fært um að uppfylla skyldu til að feðra barn sitt.

□ Ef foreldri er gert að sæta nálgunarbanni gagnvart barni sínu, gagnvart hinu foreldrinu og/eða brottvísun af heimili og er af þeim völdum ófært um að annast barn sitt á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu þess færast sá réttur til fæðingarorlofs sem stofnast hefur til skv. 1. mgr. 8. gr. og foreldri hefur ekki þegar nýtt sér yfir til hins foreldrisins. Hið sama gildir þegar foreldri er ófært um að annast barn sitt af sömu ástæðum á fyrstu 24 mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Á þetta við hvort sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá barnsins eða ekki. Lögreglustjóri eða dómstólar skulu staðfesta að foreldri muni sæta nálgunarbanni gagnvart barni sínu, gagnvart hinu foreldrinu og/eða brottvísun af heimili á fyrrgreindu tímabili. Við tilfærsluna verður réttur þess foreldris sem sætir nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili að þeim réttindum sem hitt foreldrið hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

□ Ef annað foreldrið andast áður en barn nær 24 mánaða aldri færast sá réttur til fæðingarorlofs sem stofnast hefur til skv. 1. mgr. 8. gr. og hið látna foreldri hefur ekki þegar nýtt sér yfir til eftirlifandi foreldris. Á þetta við hvort sem hið látna foreldri hefur farið með forsjá barnsins, hefur farið sameiginlega með forsjá barnsins með eftirlifandi foreldrinu eða hefur ekki farið með forsjá barnsins við andlát. Þegar um frumættleiðingu eða varanlegt fóstur er að ræða skal miða við 24 mánuði eftir að barn kom inn á heimilið. Við tilfærsluna verður réttur hins látna foreldris að þeim réttindum sem hið eftirlifandi foreldri hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

□ Foreldri sem er ófært vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss

um að annast barn sitt á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu þess er heimilt að framselja rétt sinn til fæðingarorlofs, sem það hefur ekki þegar nýtt sér, til hins foreldrisins að hluta eða öllu leyti. Hið sama gildir þegar foreldri er ófært um að annast barn sitt af sömu ástæðum á fyrstu 24 mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Á þetta við hvort sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá barnsins eða ekki. Heimilt er að veita undanþágu frá samþykki foreldris um framsal réttinda þegar foreldri er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss og skal þá Vinnumálastofnun meta hvort skilyrði fyrir framsali réttindanna séu uppfyllt. Ástand foreldris vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss sem leiðir til þess að foreldrið er ófært um að annast barnið á fyrrgreindu tímabili eða veita samþykki sitt um framsal réttinda sinna skal staðfest með vottorði þess sérfræðilæknis sem annast foreldrið og skal Vinnumálastofnun berast frumrit af framangreindu vottorði. Við tilfærsluna verður réttur þess foreldris sem framselur rétt sinn að þeim réttindum sem hitt foreldrið hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

□ Foreldri sem er ófært vegna afplánunar refsivistar um að annast barn sitt á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu þess er heimilt að framselja rétt sinn til fæðingarorlofs, sem það hefur ekki þegar nýtt sér, til hins foreldrisins að hluta eða öllu leyti. Hið sama gildir þegar foreldri er ófært um að annast barn sitt af sömu ástæðum á fyrstu 24 mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Á þetta við hvort sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá barnsins eða ekki. Fangelismálayfirvöld skulu staðfesta að foreldrið muni afplána refsivist á fyrrgreindu tímabili. Við tilfærsluna verður réttur þess foreldris sem framselur rétt sinn að þeim réttindum sem hitt foreldrið hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

□ Ef foreldri á hvorki rétt til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks samkvæmt lögum þessum né sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks í öðru ríki skal hitt foreldrið öðlast rétt til fæðingarorlofs í allt að tólf mánuði vegna fæðingar barns, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Ef foreldri á sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks í öðru ríki getur hitt foreldrið öðlast rétt til fæðingarorlofs í allt að tólf mánuði að frádregnum þeim rétti sem fyrrnefnda foreldrið á í öðru ríki vegna fæðingar barns, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur.

□ Ef fyrrséð er að forsjárlaust foreldri muni ekki annast barn sitt á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu þess eða á fyrstu 24 mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur þar sem foreldrið hefur ekki umgengni við barnið á grundvelli niðurstöðu lögmæltis stjórnvalds eða dómstóla er Vinnumálastofnun heimilt að færa rétt forsjárlausa foreldrisins til fæðingarorlofs, sem stofnast hefur til skv. 1. mgr. 8. gr., og foreldrið hefur ekki þegar nýtt sér, yfir til forsjáforeldrisins, enda saki forsjáforeldrið um tilfærsluna til Vinnumálastofnunar. Hið sama á við liggi fyrir niðurstæða lögmæltis stjórnvalds eða dómstóla um að umgengni forsjárlausa foreldrisins skuli vera verulega takmörkuð, svo sem undir eftirliti. Vinnumálastofnun skal meta hvort skilyrði fyrir tilfærslu réttinda, sbr. framangreint, séu uppfyllt og er stofnuninni heimilt að óska eftir nauðsynlegum gögnum frá forsjáforeldrinu eða öðrum aðilum við matið. Við tilfærsluna verður réttur forsjárlausa foreldrisins að þeim réttindum sem forsjáforeldrið hefur áunnið sér sam-

kvæmt lögum þessum. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um skilyrði fyrir tilfærslu réttinda.

■ **10. gr. Forsjá barns.**

□ Skilyrði fyrir því að foreldri geti nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs er að foreldri fari sjálf með forsjá barnsins eða fari sameiginlega með forsjá þess ásamt hinu foreldrinu þann tíma sem foreldri nýtir rétt sinn til fæðingarorlofs.

□ Þrátt fyrir 1. mgr. getur foreldri sem ekki fer með forsjá barns nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs þegar fyrir liggur samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof forsjárlausa foreldrisins stendur yfir. Hið sama gildir þegar fyrir liggur samningur milli forsjárlausa foreldrisins og forsjáforeldrisins, sem sýslumaður hefur staðfest, um umgengni forsjárlausa foreldrisins við barnið þann tíma sem forsjárlausa foreldrið nýtir rétt sinn til fæðingarorlofs eða þegar fyrir liggur niðurstaða lögmæltis stjórnvalds eða dómstóla um umgengni forsjárlausa foreldrisins við barnið þann tíma sem foreldrið nýtir rétt sinn til fæðingarorlofs.

■ **11. gr. . . .**¹⁾

¹⁾ L. 77/2022, 38. gr.

■ **12. gr. Tilkygning um fæðingarorlof.**

□ Þegar starfsmaður hyggst nýta sér rétt til fæðingarorlofs skal hann tilkynna það vinnuveitanda eins fljótt og kostur er og í síðasta lagi átta vikum fyrir fyrirhugaðan fæðingardag barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur. Vilji starfsmaður breyta áður tilkynntum upphafsdegi fæðingarorlofs eða tilkynna um nýtt tímabil fæðingarorlofs, sbr. 2. mgr. 8. gr., ber honum að tilkynna það vinnuveitanda þremur vikum fyrir hinn nýja fyrirhugaða upphafsdag fæðingarorlofs.

□ Tilkynni starfsmaður fyrst um töku fæðingarorlofs eftir fæðingardag barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur skal tilkynningin berast vinnuveitanda að lágmarki átta vikum áður en starfsmaðurinn hyggst nýta sér rétt til fæðingarorlofs og skal um tilhögun þess fara skv. 13. gr. Ef samkomulag næst ekki á milli starfsmanns og vinnuveitanda hefur starfsmaður ávallt rétt til að taka fæðingarorlof í einu lagi í kjölfar fæðingarorlofs hins foreldrisins eða ef barn veiktist svo að nærvera foreldris er nauðsynleg. Í öðrum tilvikum getur vinnuveitandi frestað töku fæðingarorlofs starfsmanns, ef sérstakar aðstæður í rekstri fyrirtækis eða stofnunar gera slíkt nauðsynlegt, í að hámarki átta vikur en þó ekki lengur en svo að því verði lokið fyrir 24 mánaða aldur barns.

□ Tilkynning um töku fæðingarorlofs skal vera á því formi sem Vinnumálastofnun ákveður, svo sem rafrænu eða skriflegu, og skal þar tilgreina fyrirhugaðan upphafsdag orlofsins, lengd og tilhögun. Þá skal vinnuveitandi árita tilkynninguna með móttökudagsetningu og afhenda starfsmanninum afrit hennar. Vinnuveitandi getur krafist sönnunar á að foreldri fari með forsjá barnsins eða að fyrir liggi samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof forsjárlausa foreldrisins stendur yfir, sbr. 10. gr., telji hann þess þörf.

■ **13. gr. Tilhögun fæðingarorlofs.**

□ Starfsmaður skal eiga rétt á að taka fæðingarorlof í einu lagi.

□ Þrátt fyrir 1. mgr. er starfsmanni með samkomulagi við vinnuveitanda heimilt að haga fæðingarorlofi á þann veg að það skiptist niður á fleiri en eitt tímabil og/eða það verði tekið samhliða minnkunni starfshlutfalli, sbr. þó 3. mgr. 8. gr. Þó má aldrei taka fæðingarorlof skemur en hálfan mánuð í senn. Vinnuveitandi skal leitast við að koma til móts við óskir

starfsmanns um tilhögun fæðingarorlofs samkvæmt ákvæði þessu.

□ Óski starfsmaður eftir að haga fæðingarorlofi skv. 2. mgr. en vinnuveitandi getur ekki komið til móts við óskir starfsmannsins skulu vinnuveitandinn og starfsmaðurinn komast að samkomulagi um aðra tilhögun fæðingarorlofsins innan viku frá móttökudagsetningu tilkynningar um töku fæðingarorlofs, sbr. 3. mgr. 12. gr. Skal það gert skriflega og ástæður fyrir breyttri tilhögun tilgreindar.

□ Ef samkomulag næst ekki milli starfsmanns og vinnuveitanda um töku fæðingarorlofs starfsmannsins, sbr. 3. mgr., á starfsmaður ávallt rétt á að taka fæðingarorlof sitt í einu lagi frá þeim upphafsdegi sem starfsmaður ákveður.

■ **14. gr. Uppsöfnun og vernd réttinda.**

□ Fæðingarorlof reiknast til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og atvinnuleysisbóta.

IV. kafli. Aukinn réttur til fæðingarorlofs.

■ **15. gr. Fjölburaðfæðingar.**

□ Foreldrar eiga sameiginlegan rétt á lengingu fæðingarorlofs um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt sem fæðist lifandi . . .¹⁾

□ Foreldrar sem frumættleiða eða taka í varanlegt fóstur fleiri börn en eitt á sama tíma eiga sameiginlegan rétt á lengingu fæðingarorlofs um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt.

¹⁾ L. 77/2022, 38. gr.

■ **16. gr. Öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.**

□ Ef öryggi og heilbrigði barnshafandi foreldris sem er starfsmaður skv. 4. tölul. 4. gr., foreldris sem hefur nýlega fætt barn eða foreldris sem er með barn á brjósti er í hættu samkvæmt sérstöku mati skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi foreldrisins með því að breyta tímabundið vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma þess. Ef því verður ekki við komið af tæknilegum eða öðrum gildum ástæðum skal vinnuveitandi fela foreldrinu önnur verkefni en að öðrum kosti veita því leyfi frá störfum þann tíma sem nauðsynlegt er til að vernda öryggi þess og heilbrigði og skal foreldrið eiga rétt á lengingu fæðingarorlofs og greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði þann tíma sem um ræðir, sbr. 3. mgr. Um framkvæmd þessa ákvæðis skal fara eftir nánari reglugerð sem ráðherra setur.

□ Þær breytingar sem teljast nauðsynlegar á vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma foreldris, sbr. 1. mgr., skulu hvorki hafa áhrif til lækkunar á launakjörum þess hjá vinnuveitanda né á önnur starfstengd réttindi.

□ Ef veita þarf barnshafandi foreldri leyfi frá störfum samkvæmt ákvæði þessu á það rétt á lengingu fæðingarorlofs og greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði þann tíma sem um ræðir. Starfi barnshafandi foreldri hjá fleiri en einum vinnuveitanda á það rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði í réttu hlutfalli vegna þess starfs sem því er veitt leyfi frá. Beri fæðingu að fyrir áætlaðan fæðingardag barns fellur niður réttur foreldris til greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt ákvæði þessu.

■ **17. gr. Veikindi barnshafandi foreldris á meðgöngu.**

□ Sé barnshafandi foreldri nauðsynlegt af heilsufarsástæðum sem tengjast meðgöngunni að fá leyfi frá störfum eða hætta þátttöku á vinnumarkaði skv. b-lið 2. mgr. 22. gr. meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns að mati sérfræðilæknis skal foreldrið eiga rétt á lengingu fæðingarorlofs

og greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði þann tíma sem um ræðir en þó aldrei lengur en í tvo mánuði. Með heilsufarsástaðum sem tengjast meðgöngunni er átt við sjúkdóma sem upp kunna að koma vegna meðgöngu og valda óvinnufærni, tíma-bundna eða langvarandi sjúkdóma sem versna á meðgöngu og valda óvinnufærni sem og meðferð til að koma í veg fyrir fyrirburafæðingu eða til að vernda heilsu fósturs, enda hafi meðferðin í för með sér óvinnufærni. Beri fæðingu að fyrir áætlaðan fæðingardag barns fellur heimild til lengingar samkvæmt þessu ákvæði niður frá þeim tíma.

□ Rökstyðja skal þörf á lengingu fæðingarorlofs skv. 1. mgr. með vottorði þess sérfræðilæknis sem annast hefur foreldrið og skal Vinnumálastofnun berast frumrit af framangreindu vottorði. Vinnumálastofnun skal meta hvort lenging fæðingarorlofs sé nauðsynleg og er stofnuninni heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni við matið.

□ Umsókn um lengingu fæðingarorlofs skv. 1. mgr. skal fylgja staðfesting vinnuveitanda og/eða Vinnumálastofnunar, eftir því sem við á. Í þeirri staðfestingu skal koma fram hvenær greiðslur féllu niður.

■ 18. gr. *Veikindi foreldris í tengslum við fæðingu barns.*

□ Heimilt er að lengja fæðingarorlof foreldris sem fætt hefur barn um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda foreldrisins í tengslum við fæðinguna enda verði veikindin rakin til fæðingarinnar og foreldrið hafi af þeim völdum verið ófært um að annast barn sitt í fæðingarorlofi sínu að mati sérfræðilæknis.

□ Rökstyðja skal þörf á lengingu fæðingarorlofs skv. 1. mgr. með vottorði sérfræðilæknis og skal Vinnumálastofnun berast frumrit af framangreindu vottorði. Vinnumálastofnun skal meta hvort lenging fæðingarorlofs skv. 1. mgr. sé nauðsynleg og er stofnuninni heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni við matið.

■ 19. gr. *Veikindi eða fötlun barns.*

□ Heimilt er að lengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs um allt að sjö mánuði þegar barn þarf að dveljast á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu eða ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika hjá barni eða alvarlega fötlun barns sem krefst nánari umönnunar foreldris.

□ Rökstyðja skal þörf á lengingu fæðingarorlofs skv. 1. mgr. með vottorði þess sérfræðilæknis sem annast hefur barnið og skal Vinnumálastofnun berast frumrit af framangreindu vottorði. Vinnumálastofnun skal meta hvort lenging fæðingarorlofs skv. 1. mgr. er nauðsynleg og er stofnuninni heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni við matið.

V. kafli. Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði.

■ 20. gr. *Umsókn til Vinnumálastofnunar.*

□ Foreldri skal sækja um greiðslur í fæðingarorlofi til Vinnumálastofnunar sex vikum fyrir áætlaðan fæðingardag barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur. Vilji foreldri hefja fæðingarorlof fyrir áætlaðan fæðingardag, sbr. 2. mgr. 8. gr., ber því að tilkynna það Vinnumálastofnun þremur vikum fyrir fyrirhugaðan upphafsdag fæðingarorlofs.

□ Umsóknin skal vera á því formi sem Vinnumálastofnun ákveður, svo sem rafrænu eða skriflegu, og skal fylgja henni afrit af tilkynningu um fæðingarorlof skv. 12. gr. sem foreldri hefur fengið áritaða hjá vinnuveitanda sínum þar sem fram kemur fyrirhugaður upphafsdagur, lengd og tilhögun fæðingarorlofs. Þegar foreldri er sjálfstætt starfandi skal það tekið fram í umsókninni og tilgreint um fyrirhugaðan upphafsdag, lengd og tilhögun fæðingarorlofs.

□ Þegar foreldri getur ekki tekið fæðingarorlof á þeim tíma sem það tilkynnti Vinnumálastofnun um skv. 2. mgr. vegna ófyrirsjáanlegra ástæðna ber foreldri að tilkynna Vinnumálastofnun um breytinguna á því formi sem stofnunin ákveður, svo sem rafrænu eða skriflegu. Vinnuveitandi foreldris skal árita breytingu á tilhögun fæðingarorlofs foreldris.

■ 21. gr. *Réttur foreldris til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði.*

□ Foreldri öðlast rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eftir að hafa verið í samfelldu starfi á innlendum vinnumarkaði í sex mánuði fyrir fæðingardag barns eða fyrir þann tíma þegar barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur . . . ,¹⁾ sbr. 2. og 4. mgr. 8. gr. . . . ,¹⁾ og getur því verið um að ræða tímabil sem afmarkast ekki af heilum almanaksmánuðum. Þegar foreldri hefur töku fæðingarorlofs fyrir fæðingardag barns, sbr. 2. mgr. 8. gr., 16. og 17. gr., skal þó miða við þann dag er foreldrið hefur töku fæðingarorlofs.

□ Þegar foreldri hefur starfað á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili skv. 1. mgr. skal Vinnumálastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til starfstímabila þess sem starfsmanns og/eða sjálfstætt starfandi í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar á ávinnslutímabilinu enda hafi störf foreldrisins veitt foreldrinu rétt samkvæmt lögum hlutaðeigandi ríkis um fæðingarorlof. Hafi foreldri hins vegar starfað á innlendum vinnumarkaði skemur en síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili skv. 1. mgr. skal Vinnumálastofnun meta hvort viðkomandi foreldri teljist hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í skilningi laga þessara þannig að taka skuli, að því marki sem nauðsynlegt er, tillit til starfstímabila foreldrisins í öðru aðildarríki að framangreindum samningum á ávinnslutímabilinu enda hafi störf foreldris veitt foreldrinu rétt samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlof. Skilyrði er að foreldri hafi hafið störf á innlendum vinnumarkaði innan tíu virkra daga frá því að það hætti störfum á vinnumarkaði í öðru aðildarríki að framangreindum samningum. Foreldri skal láta tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil í öðru aðildarríki í samræmi við ákvæði samninganna fylgja með umsókn um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði skv. 20. gr.

¹⁾ L. 77/2022, 38. gr.

■ 22. gr. *Þátttaka foreldris á innlendum vinnumarkaði.*

□ Þátttaka foreldris á innlendum vinnumarkaði skv. 21. gr. felur í sér að starfa sem starfsmaður, sbr. 4. tölul. 4. gr., sjálfstætt starfandi, sbr. 3. tölul. 4. gr., eða sem starfsmaður og sjálfstætt starfandi, sbr. 5. tölul. 4. gr. Fullt starf starfsmanns miðast við 172 vinnustundir á mánuði en þó skal jafnan tekið tillit til fjölda vinnustunda sem samkvæmt kjarasamningi teljast fullt starf. Fullt starf sjálfstætt starfandi miðast við að viðkomandi hafi greitt mánaðarlega staðgreiðsluskatt og tryggingagjald af reiknuðu endurgjaldi eða launum er nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð ríkisskattstjóra í viðkomandi starfsgrein eða sem samkvæmt kjarasamningi telst fullt starf.

□ Til þátttöku á innlendum vinnumarkaði telst enn fremur:

a. orlof eða leyfi starfsmanns, sbr. 4. tölul. 4. gr., samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi þótt ólaunað sé að hluta eða öllu leyti og starfsmaðurinn hafi á því tímabili sem um ræðir verið í a.m.k. 25% starfshlutfalli,

b. sá tími sem foreldri fær greiddar atvinnuleysisbætur, er á biðtíma eftir slíkum bóttum, hefði átt rétt á þeim hefði foreldrið skráð sig án atvinnu eða hefur hætt atvinnuleit tímabundið vegna orlofs erlendis og ekki hafa liðið meira en tíu virkir dagar þar til atvinnuleit hefur hafist að nýju samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysisstryggingar, hafi starfshlutfall foreldris á viðmiðunartíma framangreindra greiðslna verið a.m.k. 25%,

[c. sá tími sem foreldri fær greiðslur í sorgarleyfi á grundvelli laga um sorgarleyfi eða hefði átt rétt á slíkum greiðslum hefði foreldrið sótt um þær hjá Vinnumálastofnun, hafi starfshlutfall foreldris á viðmiðunartíma framangreindra greiðslna verið a.m.k. 25%,¹⁾

[d.]¹⁾ sá tími sem foreldri fær greidda sjúkra- eða slysadagpeninga, er á biðtíma eftir dagpeningum eða hefði átt rétt á þeim hefði foreldri sótt um þá til sjúkratryggingastofnunarinnar samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og lögum um slysatryggingar almannatrygginga, eða fær greiðslur sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóði stéttarfélags enda hafi foreldri lát-ið af launuðum störfum af heilsufarsástæðum, hafi starfshlutfall foreldris á viðmiðunartíma framangreindra greiðslna verið a.m.k. 25%,

[e.]¹⁾ sá tími sem foreldri nýtur bóta frá tryggingafélagi sem koma í stað launa vegna tímabundins atvinnutjóns af völdum slyss, hafi starfshlutfall foreldris á viðmiðunartíma framangreindra greiðslna verið a.m.k. 25%,

[f.]¹⁾ sá tími sem foreldri fær tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006, eða hefði átt rétt á slíkum greiðslum hefði foreldri sótt um þær til Tryggingastofnunar ríkisins, hafi starfshlutfall foreldris á viðmiðunartíma framangreindra greiðslna verið a.m.k. 25%.

□ Vinnumálastofnun metur á grundvelli laga um atvinnuleysisstryggingar hvort foreldri hefði átt rétt á atvinnuleysisbóttum hefði það skráð sig án atvinnu á þeim tíma sem um er að ræða, sbr. b-lið 2. mgr., [sem og hvort foreldri hefði átt rétt á greiðslum í sorgarleyfi hefði það nýtt rétt sinn til sorgarleyfis á þeim tíma sem um ræðir, sbr. c-lið 2. mgr.]¹⁾

□ Sjúkratryggingastofnunin metur á grundvelli laga um sjúkratryggingar og laga um slysatryggingar almannatrygginga hvort foreldri hefði átt rétt á sjúkra- eða slysadagpeningum hefði það sótt um þá fyrir þann tíma sem um er að ræða, sbr. [d-lið]¹⁾ 2. mgr.

□ Tryggingastofnun ríkisins metur á grundvelli laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna hvort foreldri hefði átt rétt á tekjutengdum greiðslum skv. III. kafla þeirra laga hefði það sótt um slíkar greiðslur fyrir þann tíma sem um er að ræða, sbr. [f-lið]¹⁾ 2. mgr.

¹⁾ L. 77/2022, 38. gr.

■ 23. gr. Viðmiðunartímabil og útreikningur á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

□ Mánaðarleg greiðsla úr Fæðingarorlofssjóði til starfsmanns, sbr. 4. tölul. 4. gr., í fæðingarorlofi skal nema 80% af meðaltali heildarlauna skv. 4. og 5. mgr. og skal miða við tólf mánaða samfellt tímabil sem lýkur sex almanaksmánuðum fyrir fæðingarmánuð barns eða þann almanaksmánuð sem barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá almanaksmánuði á viðmiðunartímabili sem foreldri hefur verið á innlendum vinnumarkaði, sbr. einnig 2. mgr. 22. gr., án tillits til þess hvort laun samkvæmt því ákvæði eða reiknað endurgjald skv. 2. mgr. hafi komið til.

Aldrei skal þó miða við færri almanaksmánuði en fjóra við útreikning á meðaltali heildarlauna.

□ Mánaðarleg greiðsla úr Fæðingarorlofssjóði til sjálfstætt starfandi, sbr. 3. tölul. 4. gr., skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af og skal miða við tekjuárið á undan fæðingarári barns eða því ári er barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Að öðru leyti gilda ákvæði 1., 3. og 5. mgr. eins og við getur átt.

□ Mánaðarleg greiðsla úr Fæðingarorlofssjóði til foreldris sem er bæði starfsmaður og sjálfstætt starfandi, sbr. 5. tölul. 4. gr., skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af. Starfi viðkomandi foreldri sem starfsmaður skv. 4. tölul. 4. gr. í 50% eða herra starfshlutfalli skal miða við viðmiðunartímabil skv. 1. mgr. Að öðrum kosti skal miða við viðmiðunartímabil skv. 2. mgr. Að öðru leyti gilda ákvæði 1., 2., 4. og 5. mgr. eins og við getur átt.

□ Til launa á innlendum vinnumarkaði skv. 1.–3. mgr. teljast hvers konar laun og aðrar þóknarir samkvæmt lögum um tryggingagjald. Jafnframt skal telja til launa þau tilvik sem teljast til þátttöku á innlendum vinnumarkaði skv. [a–f-lið]¹⁾ 2. mgr. 22. gr. Auk þess skal telja til launa greiðslur skv. a- og b-lið 5. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003. Þegar um er að ræða 100% greiðslur á viðmiðunartímabili, í tengslum við tilvik sem falla undir [a–f-lið]¹⁾ 2. mgr. 22. gr., sem foreldri átti rétt á skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við. Hafi foreldri hins vegar kosið að dreifa greiðslum, í tengslum við tilvik sem falla undir [a–f-lið]¹⁾ 2. mgr. 22. gr., hlutfallslega á lengri tíma samhliða hlutastarfi eða leyfi, launuðu eða ólaunuðu, skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við í sama hlutfalli og greiðslurnar voru inntar af hendi á því viðmiðunartímabili sem um ræðir. Sama á við hafi foreldri kosið að dreifa greiðslum, í tengslum við tilvik sem falla undir [a–f-lið]¹⁾ 2. mgr. 22. gr., hlutfallslega á lengri tíma enda þótt foreldri hafi ekki verið í ráðningarsambandi á sama tíma. Skal aldrei taka mið af hærri fjárhæð en sem nemur viðmiðunartekjum sem miða skal við samkvæmt framangreindu enda þótt foreldri hafi fengið mismuninn milli greiðslna, í tengslum við tilvik sem falla undir [a–f-lið]¹⁾ 2. mgr. 22. gr., og meðaltals heildarlauna bættan samhliða greiðslunum. Þegar greiðslur skv. a- og b-lið 5. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003, koma til á viðmiðunartímabili skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við.

□ Útreikningur á greiðslum til foreldris í fæðingarorlofi skal byggjast á upplýsingum sem Vinnumálastofnun aflar um tekjur foreldra úr skattframtölum, staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá skattýfirvalda. Vinnumálastofnun skal leita staðfestingar hjá skattýfirvöldum á því að upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá hafi verið í samræmi við álagningu skattýfirvalda vegna viðmiðunartímabils skv. 1.–3. mgr. Vinnumálastofnun ber að upplýsa umsækjanda um fyrirhugaða upplýsingaöflun í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.

□ Skattýfirvöld skulu láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laganna án endurgjalds og á því formi sem óskað er.

¹⁾ L. 77/2022, 38. gr.

■ 24. gr. Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði.

□ Þrátt fyrir 1.–3. mgr. 23. gr. skal mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til foreldris í fæðingarorlofi aldrei nema hærri fjárhæð en 600.000 kr.

□ Þegar foreldri á rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 1. mgr. 21. gr. en hefur ekki starfað á innlendum vinnumarkaði á viðmiðunartímabili skv. 1.–3. mgr. 23. gr. skal foreldrið öðlast rétt til lágmarksgreiðslna skv. 3. mgr. í samræmi við starfshlutfall þess.

□ Greiðsla í fæðingarorlofi til foreldris sem hefur verið í 25–49% starfi að meðaltali í hverjum almanaksmánuði á ávinnslutímabili skv. 21. og 22. gr. skal aldrei vera lægri en sem nemur 137.632 kr. á mánuði í réttu hlutfalli við tilhögun fæðingarorlofs foreldris þann almanaksmánuð eða hluta úr almanaksmánuði sem greitt er fyrir, sbr. 4. mgr. og 13. gr. Greiðsla til foreldris sem hefur verið í 50–100% starfi að meðaltali í hverjum almanaksmánuði á ávinnslutímabili skv. 21. og 22. gr. skal aldrei vera lægri en sem nemur 190.747 kr. á mánuði í réttu hlutfalli við tilhögun fæðingarorlofs foreldris þann almanaksmánuð eða hluta úr almanaksmánuði sem greitt er fyrir, sbr. 4. mgr. og 13. gr.

□ Greiðslur í fæðingarorlofi skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi almanaksmánuð eða hluta úr almanaksmánuði, fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Ekki er heimilt að greiða foreldri lengra aftur í tímann en þrjá almanaksmánuði á undan þeim almanaksmánuði sem umsókn um greiðslur skv. 20. gr. barst.

□ Ef annað foreldrið nýtir hluta af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs skv. 15. og/eða 19. gr. og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði styttest greiðslutímabil fæðingarorlofs skv. 34. og/eða 36. gr. sem því nemur.

□ Meðan á fæðingarorlofi stendur greiðir foreldri að lágmarki 4% af fæðingarorlofsgreiðslu í lífeyrissjóð og Fæðingarorlofssjóður að lágmarki 11,5% mótframlag. Foreldri er að auki heimilt að greiða í séreignarsjóð.

■ 25. gr. Skerðing á greiðslum.

□ Réttur foreldris sem er starfsmaður og/eða sjálfstætt starfandi, sbr. 3.–5. tölul. 4. gr., til greiðslna í fæðingarorlofi er bundinn því að foreldri uppfylli skilyrði um rétt til fæðingarorlofs skv. III. og IV. kafla og leggi niður launuð störf á því tímabili sem það nýtir rétt sinn til fæðingarorlofs. Greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris í fæðingarorlofi sem mynda stofn til tryggingagjalds samkvæmt lögum um tryggingagjald og eru hærri en sem nemur mismun greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 24. gr. og meðaltals heildarlauna á viðmiðunartímabili skv. 1.–3. mgr. 23. gr. í réttu hlutfalli við tilhögun fæðingarorlofs foreldris í þeim almanaksmánuði eða hluta úr almanaksmánuði sem greitt er fyrir, sbr. 4. mgr. 24. gr. og 13. gr., skulu koma til frádráttar greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Tekjur foreldris sem er í fæðingarorlofi samhliða minnkuðu starfshlutfalli, sbr. 2. mgr. 13. gr., sem eru í samræmi við meðaltal heildarlauna á viðmiðunartímabili skv. 1.–3. mgr. 23. gr. skulu ekki hafa áhrif á greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði fyrir sama tímabil. Eingöngu skulu greiðslur frá vinnuveitanda sem ætlaðar eru fyrir það tímabil sem foreldri er í fæðingarorlofi í hverjum almanaksmánuði koma til frádráttar greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Er þá átt við tímabil sem hefst frá og með fyrsta degi fæðingarorlofs foreldris innan tiltekins almanaksmánaðar og lýkur frá og með þeim degi sem foreldrið nýtir ekki lengur rétt sinn til fæðingarorlofs innan tiltekins almanaksmánaðar. Gildir hið sama hvort sem foreldri nýtir rétt sinn til fæðingarorlofs

að fullu eða samhliða minnkuðu starfshlutfalli á fyrrnefndu tímabili. Þó er heimilt að taka tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana, annarra kjarasamningsbundinna greiðslna og launahækkana sem rekja má til breytinga á störfum foreldris frá því að viðmiðunartímabili skv. 1.–3. mgr. 23. gr. lýkur og fram að fyrsta degi fæðingarorlofs foreldris. Taka skal tillit til breytinga á framangreindu tímabili á sama hátt og gert er við útreikninga á meðaltali heildarlauna foreldris skv. 1.–3. mgr. 23. gr. Foreldri skal sýna fram á með skriflegum gögnum á hvaða grundvelli umræddar launabreytingar skv. 7. málsl. byggjast og er Vinnumálastofnun heimilt að óska eftir staðfestingu frá vinnuveitanda á þeim gögnum sem foreldri leggur fram í þessu sambandi. Hafi foreldri fengið óvenjuháar greiðslur frá vinnuveitanda fyrir eða eftir fæðingarorlof eða meðan á fæðingarorlofi stendur miðað við tekjur á viðmiðunartímabili skv. 1.–3. mgr. 23. gr. þannig að ætla megi að þær hafi að hluta eða öllu leyti verið ætlaðar fyrir sama tímabil og það tímabil sem foreldri nýtir rétt sinn til fæðingarorlofs skal Vinnumálastofnun óska eftir að viðkomandi foreldri sýni fram á með skriflegum gögnum fyrir hvaða tímabil umræddar greiðslur hafa verið ætlaðar. Hið sama gildir um óvenjuháar greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris á tímabili þar sem foreldri hefur minnkað starfshlutfall sitt samhliða nýtingu réttar til fæðingarorlofs. Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir staðfestingu frá vinnuveitanda á þeim gögnum sem foreldri leggur fram í þessu sambandi.

□ Foreldri sem á rétt til fæðingarorlofs skv. III. og IV. kafla en uppfyllir ekki skilyrði 21. gr. á rétt á fæðingarstyrk skv. 26. eða 27. gr. eftir því sem við getur átt. Greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris í fæðingarorlofi sem eru hærri en sem nemur mismun fjárhæðar fæðingarstyrks og meðaltals heildarlauna foreldris skulu koma til frádráttar styrknum. Við útreikning á meðaltali heildarlauna samkvæmt þessari málsgrein skal miða við tvo almanaksmánuði fyrir fæðingarmánuð barns eða þann almanaksmánuð þegar barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða varanlegt föstur. Að öðru leyti gildir ákvæði 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

VI. kafli. Fæðingarstyrkur.**■ 26. gr. Réttur foreldra utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfshlutfalli til fæðingarstyrks.**

□ Foreldrar utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfshlutfalli eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarstyrks í allt að sex mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt föstur. Þrátt fyrir framangreint er foreldri heimilt að framselja sex vikur af sjálfstæðum rétti sínum til hins foreldrisins. Réttur til fæðingarstyrks vegna fæðingar barns stofnast við fæðingu barnsins og fellur niður er barnið nær 24 mánaða aldri.

□ Við frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt föstur stofnast réttur til fæðingarstyrks þegar barnið kemur inn á heimilið, enda staðfesti [barnaverndarþjónusta]¹⁾ eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Í þeim tilvikum þegar barnið kemur inn á heimilið og um er að ræða reynslutíma áður en til frumættleiðingar eða varanlegs fösturs getur komið er heimilt að miða við að réttur til fæðingarstyrks stofnist við upphaf þess tíma, enda staðfesti [barnaverndarþjónusta]¹⁾ eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef foreldrar þurfa að sækja barnið til annars lands er heimilt að miða við að réttur til fæðingarstyrks stofnist við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fái frumættleitt. Réttur til fæðingarstyrks vegna frumættleiðingar eða varanlegs föst-

urs barns fellur niður 24 mánuðum eftir að barnið kom inn á heimilið.

¹⁾ L. 107/2021, 44. gr.

■ **27. gr. Réttur foreldra í fullu námi til fæðingarstyrks.**

□ Foreldrar sem hafa verið í fullu námi í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur og staðist kröfur um námsframvindu á þeim tíma eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarstyrks í allt að sex mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt fóstur. Þrátt fyrir framangreint er foreldri heimilt að framselja sex vikur af sjálfstæðum rétti sínum til hins foreldrisins. Foreldri skal leggja fram staðfestingu frá viðkomandi skóla um að það hafi verið skráð í fullt nám og hafi staðist kröfur um námsframvindu á þeim tíma. Heimilt er að taka tillit til ástundunar náms í stað námsárangurs þá skólaönn sem barn fæðist. Réttur til fæðingarstyrks vegna fæðingar barns stofnast við fæðingu barnsins og fellur niður er barnið nær 24 mánaða aldri.

□ Við frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur stofnast réttur til fæðingarstyrks þegar barnið kemur inn á heimilið, enda staðfesti [barnaverndarþjónusta]¹⁾ eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Í þeim tilvikum þegar barnið kemur inn á heimilið og um er að ræða reynslutíma áður en til frumættleiðingar eða varanlegs fósturs getur komið er heimilt að miða við að réttur til fæðingarstyrks stofnist við upphaf þess tíma, enda staðfesti [barnaverndarþjónusta]¹⁾ eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef foreldrar þurfa að sækja barnið til annars lands er heimilt að miða við að réttur til fæðingarstyrks stofnist við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fái frumættleitt. Réttur til fæðingarstyrks vegna frumættleiðingar eða varanlegs fósturs barns fellur niður 24 mánuðum eftir að barnið kom inn á heimilið.

¹⁾ L. 107/2021, 44. gr.

■ **28. gr. Undanþágur frá skilyrði um fullt nám.**

□ Heimilt er að greiða foreldri fæðingarstyrk skv. 1. mgr. 27. gr. þrátt fyrir að skilyrði um fullt nám í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur sé ekki uppfyllt hafi foreldri verið samfelld í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði, sbr. einnig 2. mgr. 21. gr., fram til þess að námið hófst.

□ Enn fremur er heimilt að greiða foreldri fæðingarstyrk sem námsmanni þegar foreldri hefur lokið a.m.k. einnar annar námi skv. 1. mgr. 27. gr. og hefur síðan verið samfelld á innlendum vinnumarkaði. Skilyrði er að nám og starf hafi verið samfelld í a.m.k. sex mánuði.

□ Heimilt er að greiða foreldri sem fætt hefur barn fæðingarstyrk skv. 1. mgr. 27. gr. þó að það uppfylli ekki skilyrði um að hafa staðist kröfur um námsframvindu og/eða ástundun enda hafi það ekki getað stundað nám á meðgöngu vegna heilsufarsástæðna sem tengjast meðgöngunni, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. Foreldri sem fætt hefur barn skal leggja fram vottorð þess sérfræðilæknis sem annast hefur það á meðgöngu því til staðfestingar og skal Vinnumálastofnun berast frumrit af framangreindu vottorði. Auk þess skal foreldrið leggja fram staðfestingu frá skóla um að það hafi verið skráð í fullt nám. Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni við matið.

□ Heimilt er að greiða foreldri fæðingarstyrk skv. 1. mgr. 27. gr. þegar foreldri á eftir minna en sem nemur 75% af námi á síðustu önn í námi og ljóst er að viðkomandi er að ljúka próf-

gráðu. Skal foreldri jafnframt fullnægja öðrum skilyrðum 1. mgr. 27. gr.

■ **29. gr. Lögheimilisskilyrði.**

□ Foreldri skal eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu tólf mánuði fyrir þann tíma til að geta átt rétt á greiðslu fæðingarstyrks samkvæmt þessum lögum.

□ Foreldrar sem fengið hafa dvalarleyfi hér á landi á grundvelli alþjóðlegrar verndar eða á grundvelli mannúðarsjónarmiða í fyrsta skipti samkvæmt lögum um útlendinga geta átt rétt á fæðingarstyrk samkvæmt lögum þessum þrátt fyrir að þeir hafi ekki átt lögheimili hér á landi síðustu tólf mánuði fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur enda sé liðinn skemmri tími en tólf mánuðir frá veitingu dvalarleyfis og önnur skilyrði laga þessara séu uppfyllt.

□ Heimilt er að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði hafi foreldri flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms erlendis enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi samfelld í a.m.k. fimm ár fyrir flutning. Hið sama gildir þegar foreldri hefur flutt lögheimili sitt tímabundið og stundar fjarnám við íslenskan skóla á þeim tíma enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi samfelld í a.m.k. fimm ár fyrir flutning og fullnægi öðrum skilyrðum um fæðingarstyrk til foreldra í fullu námi.

□ Hafi foreldri átt lögheimili hér á landi í a.m.k. einhvern tíma í síðasta mánuði fyrir fæðingardag barns eða þann dag er barn kemur inn á heimili vegna frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur skal Vinnumálastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til búsetutímabila foreldris í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar þegar metið er hvort foreldri fullnægi lögheimilisskilyrði skv. 1. mgr. enda hafi foreldri verið tryggt á sama tíma í því ríki og ekki hefur liðið meira en mánuður frá því að tryggingatímabili samkvæmt lögum þess ríkis var lokið. Foreldri skal láta tilskilin vottorð um búsetutímabil og tryggingatímabil í öðru ríki í samræmi við ákvæði samninganna fylgja með umsókn um greiðslur skv. 37. gr.

■ **30. gr. Lenging, framsal og tilfærsla á rétti foreldris til fæðingarstyrks.**

□ Þrátt fyrir 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. skal foreldri öðlast rétt til fæðingarstyrks í allt að tólf mánuði hafi hitt foreldrið andast á meðgöngu sem lýkur með að barn fæðist lifandi. Hið sama gildir um einhleyp foreldri sem hefur gengist undir tæknifrjóvgun eða einhleyp foreldri sem hefur frumættleitt barn eða tekið barn í varanlegt fóstur.

□ Foreldri sem fætt hefur barn skal öðlast rétt til fæðingarstyrks í allt að tólf mánuði í þeim tilfellum þegar foreldrið er ekki fært um að uppfylla skyldu til að fedra barn sitt.

□ Ef foreldri er gert að sæta nálgunarbanni gagnvart barni sínu, gagnvart hinu foreldrinu og/eða brottvísun af heimili og er af þeim völdum ófært um að annast barn sitt á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu þess færast sá réttur til fæðingarstyrks, sem stofnast hefur til skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 27. gr., og foreldri hefur ekki þegar nýtt sér, yfir til hins foreldrisins. Hið sama gildir þegar foreldri er ófært um að annast barn sitt af sömu ástæðum á fyrstu 24 mánuðunum eftir

að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Á þetta við hvort sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá barnsins eða ekki. Lögreglustjóri eða dómstólar skulu staðfesta að foreldri muni sæta nálgunarbanni gagnvart barni sínu, gagnvart hinu foreldrinu og/eða brottvísun af heimili á fyrrgreindu tímabili. Við tilfærsluna verður réttur þess foreldris sem sætir nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili að þeim réttindum sem hitt foreldrið hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

□ Ef annað foreldrið andast áður en barn nær 24 mánaða aldri færast sá réttur til fæðingarstyrks, sem stofnast hefur til skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 27. gr., og hið látna foreldri hefur ekki þegar nýtt sér, yfir til eftirlifandi foreldris. Á þetta við hvort sem hið látna foreldri hefur farið með forsjá barnsins, hefur farið sameiginlega með forsjá barnsins með eftirlifandi foreldrinu eða hefur ekki farið með forsjá barnsins við andlát. Þegar um frumættleiðingu eða varanlegt fóstur er að ræða skal miða við 24 mánuði eftir að barn kom inn á heimilið. Við tilfærsluna verður réttur hins látna foreldris að þeim réttindum sem eftirlifandi foreldri hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

□ Foreldri sem er ófært vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss um að annast barn sitt á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu þess er heimilt að framselja rétt sinn til fæðingarstyrks sem það hefur ekki þegar nýtt sér til hins foreldrisins að hluta eða öllu leyti. Hið sama gildir þegar foreldri er ófært um að annast barn sitt af sömu ástæðum á fyrstu 24 mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Á þetta við hvort sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá barnsins eða ekki. Heimilt er að veita undanþágu frá samþykki foreldris um framsal réttinda þegar foreldri er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss og skal þá Vinnumálastofnun meta hvort skilyrði fyrir framsali réttindanna séu uppfyllt. Ástand foreldris vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss sem leiðir til þess að foreldrið er ófært um að annast barnið á fyrrgreindu tímabili eða veita samþykki sitt um framsal réttinda sinna skal staðfest með vottorði þess sérfræðilæknis sem annast foreldrið og skal Vinnumálastofnun berast frumrit af framangreindu vottorði. Við tilfærsluna verður réttur þess foreldris sem framselur rétt sinn að þeim réttindum sem hitt foreldrið hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

□ Foreldri sem er ófært vegna afplánunar refsivistar um að annast barn sitt á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu þess er heimilt að framselja rétt sinn til fæðingarstyrks, sem það hefur ekki þegar nýtt sér, til hins foreldrisins að hluta eða öllu leyti. Hið sama gildir þegar foreldri er ófært um að annast barn sitt af sömu ástæðum á fyrstu 24 mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Á þetta við hvort sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá barnsins eða ekki. Fangelsismálayfirvöld skulu staðfesta að foreldrið muni afplána refsivist á fyrrgreindu tímabili. Við tilfærsluna verður réttur þess foreldris sem framselur rétt sinn að þeim réttindum sem hitt foreldrið hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

□ Ef foreldri á hvorki rétt til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks samkvæmt lögum þessum né sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks í öðru ríki skal hitt foreldrið öðlast rétt til fæðingarstyrks í allt að tólf mánuði vegna fæðingar barns, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Ef foreldri á sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks í öðru ríki getur hitt foreldrið öðlast rétt til

fæðingarstyrks í allt að tólf mánuði að frádregnum þeim rétti sem fyrrnefnda foreldrið á í öðru ríki vegna fæðingar barns, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur.

□ Ef fyrirséð er að forsjárlaust foreldri muni ekki annast barn sitt á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu þess sem og á fyrstu 24 mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur þar sem foreldrið hefur ekki umgengni við barnið á grundvelli niðurstöðu lögmæltis stjórnvalds eða dómstóla er Vinnumálastofnun heimilt að færa rétt forsjárlausa foreldrisins til fæðingarstyrks, sem stofnast hefur til skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 27. gr., og foreldrið hefur ekki þegar nýtt sér yfir til forsjárforeldrisins, enda sæki forsjárforeldrið um tilfærsluna til Vinnumálastofnunar. Hið sama á við liggi fyrir niðurstaða lögmæltis stjórnvalds eða dómstóla um að umgengni forsjárlausa foreldrisins skuli vera verulega takmörkuð, svo sem undir eftirliti. Vinnumálastofnun skal meta hvort skilyrði fyrir tilfærslu réttinda, sbr. framangreint, séu uppfyllt og er stofnuninni heimilt að óska eftir nauðsynlegum gögnum frá forsjárforeldrinu eða öðrum aðilum við matið. Við tilfærsluna verður réttur forsjárlausa foreldrisins að þeim réttindum sem forsjárforeldrið hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um skilyrði fyrir tilfærslu réttinda.

■ 31. gr. *Forsjá barns.*

□ Skilyrði fyrir því að foreldri geti nýtt rétt sinn til fæðingarstyrks er að foreldri fari sjálft með forsjá barnsins eða fari sameiginlega með forsjá þess ásamt hinu foreldrinu þann tíma sem greiðsla fæðingarstyrks til foreldrisins stendur yfir, sbr. þó 2. mgr.

□ Þrátt fyrir 1. mgr. getur foreldri sem ekki fer með forsjá barns síns nýtt rétt sinn til fæðingarstyrks þegar fyrir liggur samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem forsjárlausa foreldrið nýtir rétt sinn til fæðingarstyrks. Hið sama gildir þegar fyrir liggur samningur milli forsjárlausa foreldrisins og forsjárforeldrisins, sem sýslumaður hefur staðfest, um umgengni forsjárlausa foreldrisins við barnið þann tíma sem forsjárlausa foreldrið nýtir rétt sinn til fæðingarstyrks eða þegar fyrir liggur niðurstaða lögmæltis stjórnvalds eða dómstóla um umgengni forsjárlausa foreldrisins við barnið þann tíma sem foreldrið nýtir rétt sinn til fæðingarstyrks.

■ 32. gr. . . .¹⁾

¹⁾ L. 77/2022, 38. gr.

■ 33. gr. *Tilhögun fæðingarstyrks.*

□ Foreldri er heimilt að skipta greiðslutímabili fæðingarstyrks á fleiri en eitt tímabil, sbr. 2. mgr. 38. gr. Þó getur greiðslutímabilið skemmst varað hálfan mánuð í senn.

VII. kafli. Aukinn réttur til fæðingarstyrks.

■ 34. gr. *Fjölburaæðing.*

□ Foreldrar eiga sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í þrjá mánuði til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt sem fæðist lifandi . . .¹⁾

□ Foreldrar sem frumættleiða eða taka í varanlegt fóstur fleiri börn en eitt á sama tíma eiga sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í þrjá mánuði til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt.

¹⁾ L. 77/2022, 38. gr.

■ 35. gr. *Veikindi foreldris í tengslum við fæðingu barns.*

□ Heimilt er að lengja rétt foreldris sem fætt hefur barn til fæðingarstyrks um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda foreldrisins í tengslum við fæðingu barnsins enda verði

veikindin rakin til fæðingarinnar og foreldrið hafi af þeim völdum verið ófært um að annast barn sitt þann tíma sem fæðingarstyrkur var greiddur að mati sérfræðilæknis.

□ Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á rétti foreldris til fæðingarstyrks, sbr. 1. mgr., með vottorði þess sérfræðilæknis sem annast hefur foreldrið og skal Vinnumálastofnun berast frumrit af framangreindu vottorði. Vinnumálastofnun skal meta hvort lenging á rétti foreldris til fæðingarstyrks sé nauðsynleg og er stofnuninni heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni við matið.

■ **36. gr. Veikindi eða fötlun barns.**

□ Heimilt er að lengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarstyrks um allt að sjö mánuði þegar barn þarf að dveljast á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu eða ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika hjá barni eða alvarlega fötlun barns sem krefst nánari umönnunar foreldris.

□ Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á rétti foreldris til fæðingarstyrks, sbr. 1. mgr., með vottorði þess sérfræðilæknis sem annast hefur barnið og skal Vinnumálastofnun berast frumrit af framangreindu vottorði. Vinnumálastofnun skal meta hvort lenging á rétti foreldris til fæðingarstyrks sé nauðsynleg og er stofnuninni heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni við matið.

VIII. kafli. Greiðsla fæðingarstyrks.

■ **37. gr. Umsókn til Vinnumálastofnunar.**

□ Foreldri skal sækja um fæðingarstyrk til Vinnumálastofnunar þremur vikum fyrir áætlaðan fæðingardag barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur, sbr. þó 20. gr.

□ Umsóknin skal vera á því formi sem Vinnumálastofnun ákvæður, svo sem rafrænu eða skriflegu, og skal þar tilgreina fyrirhugaðan upphafsdag greiðslu fæðingarstyrks til foreldris og lengd greiðslutímabils.

■ **38. gr. Greiðslur fæðingarstyrks.**

□ Fæðingarstyrkur til foreldris utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfshlutfalli skal aldrei vera lægri en sem nemur 83.233 kr. á mánuði. Fæðingarstyrkur til foreldris í fullu námi skal aldrei vera lægri en sem nemur 190.747 kr. á mánuði.

□ Greiðslur fæðingarstyrks til foreldris skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi almanaksmánuð eða hluta úr almanaksmánuði, sbr. 33. gr., fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Heimilt er að greiða fæðingarstyrk fyrir fæðingarmánuð barns óháð því hvaða mánaðardag barn fæðist. Hafi barn verið frumættleitt eða tekið í varanlegt fóstur er heimilt að greiða fæðingarstyrk fyrir þann almanaksmánuð sem barn kom inn á heimilið eða þann almanaksmánuð sem ferð foreldra hefst til að sækja barn til annars lands óháð þeim mánaðardegi sem barn kom inn á heimilið eða ferðin hófst til að sækja barnið. Ekki er heimilt að greiða foreldri fæðingarstyrk lengra aftur í tímann en þrjá almanaksmánuði á undan þeim almanaksmánuði sem umsókn um greiðslur skv. 1. mgr. 37. gr. barst.

□ Ef annað foreldrið nýtir hluta af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarstyrks skv. 34. og/eða 36. gr. og nýtir greiðslu fæðingarstyrks styttest greiðslutímabil úr Fæðingararorlofssjóði vegna fæðingarorlofs skv. 15. og/eða 19. gr. sem því nemur.

■ **39. gr. Skerðing á greiðslu fæðingarstyrks.**

□ Réttur foreldris til fæðingarstyrks er bundinn því að foreldri uppfylli skilyrði um rétt til fæðingarstyrks skv. VI. eða VII. kafla. Greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris sem eru

hærri en sem nemur helmingi þeirrar styrkfjárhæðar sem foreldri hefur fengið greidda skv. 38. gr. skulu koma til frádráttar styrknum. Að öðru leyti gildir ákvæði 1. mgr. 25. gr. eftir því sem við getur átt.

IX. kafli. Eftirlit, leiðrétting á greiðslum og endurmat réttinda.

■ **40. gr. Eftirlit.**

□ Vinnumálastofnun skal annast eftirlit með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. með því hvort foreldri hafi fengið hærri greiðslur í fæðingarorlofi og fæðingarstyrk á grundvelli laganna en því bar samkvæmt ákvæðum laganna.

□ Skattfyrirvöld skulu láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar um tekjur foreldra úr skattframtölum, staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits Vinnumálastofnunar með framkvæmd laga þessara enda hafi viðkomandi foreldri verið upplýst um slíka ráðstöfun.

□ Vinnumálastofnun er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd eftirlits skv. 1. mgr.

□ Að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara, m.a. til að tryggja að foreldrar fái ekki hærri greiðslur í fæðingarorlofi eða fæðingarstyrk en þeim ber samkvæmt ákvæðum laganna, er heimilt við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 3. mgr., að samkeyra upplýsingar Vinnumálastofnunar við upplýsingar frá skattfyrirvöldum um tekjur foreldra úr skattframtölum, staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá fyrir það tímabil sem foreldri nýtir rétt sinn til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks. Slíkar samkeyrslur skulu gerðar án þess að upplýsingar séu sendar á milli stofnana umfram það sem nauðsynlegt er til skoðunar á fyrir fram skilgreindu athugunarefni. Að öðru leyti fer um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

□ Komi fram við eftirlit með lögum þessum að ætla megi að foreldri hafi fengið hærri greiðslur í fæðingarorlofi eða fæðingarstyrk á grundvelli laganna en því bar samkvæmt ákvæðum þeirra skal Vinnumálastofnun óska eftir að viðkomandi foreldri sýni fram á með skriflegum gögnum að svo hafi ekki verið. Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir staðfestingu frá vinnuveitanda á þeim gögnum sem foreldri leggur fram í þessu sambandi eftir því sem við á.

□ Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um framkvæmd eftirlits Vinnumálastofnunar samkvæmt ákvæði þessu.

■ **41. gr. Leiðrétting á greiðslum úr Fæðingararorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks.**

□ Hafi breytingar orðið á tekjuskattsálagningu foreldris vegna tekna sem greiðslur úr Fæðingararorlofssjóði eru byggðar á, sbr. 5. mgr. 23. gr., skal Vinnumálastofnun leiðrétta greiðslur úr Fæðingararorlofssjóði til samræmis við álagningu skattfyrivalda.

□ Hafi foreldri fengið hærri greiðslur úr Fæðingararorlofssjóði eða hærri fæðingarstyrk en því bar samkvæmt ákvæðum laga þessara miðað við álagningu skattfyrivalda eða af öðrum ástæðum ber foreldri að endurgreiða Fæðingararorlofssjóði þá fjárhæð sem ofgreidd var að viðbættu 15% álagi óháð ásetningi eða gáleysi foreldris. Fella skal niður álagið samkvæmt þessari málsgrein sýni foreldri fram á með skriflegum gögnum að því verði ekki kennt um þá annmarka er leiddu til ákvörðunar Vinnumálastofnunar.

□ Heimilt er að skuldajafna ofgreiðslum úr Fæðingarorlofs-sjóði eða ofgreiddum fæðingarstyrk á móti inneign foreldris vegna ofgreiddra skatta, barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum um tekjuskatt. Ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins skal setja í reglugerð nánari reglur um skuldajöfnun og forgangsráð.

□ Um innheimtu ofgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eða ofgreidds fæðingarstyrks fer skv. 111. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Ráðherra getur falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu.

□ Hafi foreldri fengið lægri greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði en því bar samkvæmt álagningu skattfyrvalda ber Vinnumálastofnun að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var til foreldris ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu Fæðingarorlofssjóðs. Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Sama á við þegar niðurstaða úrskurðarnefndar velferðarmála leiðir til þess að foreldri hafi átt rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði en hafi áður verið synjað um greiðslur eða reiknaðar lægri greiðslur. Þegar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum falla vextir niður.

□ Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um endurkröfu ofgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eða ofgreidds fæðingarstyrks skv. 2. mgr. eru aðfararhæfar.

■ **42. gr.** *Endurmat á rétti til fæðingarorlofs og fæðingarstyrks.*

□ Hafi foreldri fengið hærri greiðslur úr Fæðingarorlofs-sjóði eða hærri fæðingarstyrk en því bar samkvæmt ákvæðum laga þessara miðað við álagningu skattfyrvalda eða af öðrum ástæðum og endurgreiðir Fæðingarorlofssjóði þá fjárhæð sem ofgreidd var ber Vinnumálastofnun að endurmeta hvort viðkomandi foreldri hafi fullnýtt rétt sinn til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks eða ekki og upplýsa foreldrið um niðurstöðu endurmatsins.

X. kafli. Skert aðgengi að fæðingarþjónustu.

■ **43. gr.** *Sérstakur styrkur vegna skerts aðgengis að fæðingarþjónustu.*

□ Sé barnshafandi foreldri nauðsynlegt að mati sérfræðilæknis að dvelja fjarri heimili sínu í tengslum við nauðsynlega þjónustu vegna fæðingar barns er heimilt að greiða foreldrinu sérstakan styrk í allt að 14 daga fyrir áætlaðan fæðingardag barns en allt að 28 daga sé um fjölburameðgöngu að ræða, sem og þá daga sem meðganga varir fram yfir áætlaðan fæðingardag, enda dvelji foreldri fjarri heimili sínu þá daga sem um ræðir. Dvöl barnshafandi foreldris á sjúkrahúsi eða heilbrigðisstofnun telst ekki hluti af tímabilinu skv. 1. málsl. Fæðist barn fyrir áætlaðan fæðingardag fellur réttur foreldris skv. 1. málsl. niður frá og með fæðingardegi barnsins.

□ Fjárhæð styrks skal miðast við sömu reglur og gilda á hverjum tíma um dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innan lands að því er varðar kostnað vegna gistingar, sbr. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar og umburðarbréf nefndarinnar.

□ Umsókn um styrk skv. 1. mgr. skal vera á því formi sem Vinnumálastofnun ákveður, svo sem rafrænu eða skriflegu, og skal fylgja umsókninni vottorð þess sérfræðilæknis sem annast hefur foreldrið þar sem fram kemur rökstuðningur viðkomandi sérfræðilæknis fyrir því að viðkomandi foreldri sé að hans mati nauðsynlegt að dvelja fjarri heimili sínu í tiltekinn tíma fyrir áætlaðan fæðingardag barns í tengslum við

nauðsynlega fæðingarþjónustu vegna fæðingar barns. Skal Vinnumálastofnun berast frumrit af vottorðinu. Vinnumálastofnun skal leggja mat á rökstuðning sérfræðilæknis, sbr. 1. málsl., og er stofnuninni heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum lækni við matið.

□ Greiðslur styrks skv. 1. mgr. skulu inntar af hendi eftir fæðingardag barns. Réttur til styrks skv. 1. mgr. fellur niður sex mánuðum eftir fæðingardag barns hafi umsókn, sbr. 3. mgr., ekki borist Vinnumálastofnun fyrir þann tíma.

XI. kafli. Foreldraorlof.

■ **44. gr.** *Réttur foreldra til töku foreldraorlofs.*

□ Foreldri skal eiga rétt á foreldraorlofi í fjóra mánuði til að annast barn sitt.

□ Réttur til foreldraorlofs stofnast við fæðingu barns. Við frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt föstur er miðað við þann tíma þegar barnið kemur inn á heimilið, enda staðfesti [barnaverndarþjónusta]¹⁾ eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef foreldri þarf að sækja barnið til annars lands getur foreldraorlof hafist við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fái stöðugt umboð.

□ Réttur til foreldraorlofs fellur niður er barnið nær átta ára aldri. Hafi réttur til foreldraorlofs fallið niður ónýttur að hluta eða öllu leyti við átta ára aldur barns verður sá réttur virkur aftur komi til þess að barn greinist síðar með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun, en áður en það verður fullra 18 ára.

□ Hvort foreldri um sig á sjálfstæðan rétt til foreldraorlofs sem er ekki framseljanlegur.

□ Foreldraorlofi fylgir ekki réttur til greiðslu launa úr Fæðingarorlofssjóði.

¹⁾ L. 107/2021, 44. gr.

■ **45. gr.** *Tilhögun foreldraorlofs.*

□ Foreldri skal eiga rétt á að taka foreldraorlof í einu lagi.

□ Með samkomulagi við vinnuveitanda er starfsmanni þó heimilt að haga foreldraorlofi með öðrum hætti, t.d. þannig að orlofið skiptist niður á fleiri tímabil og/eða það verði tekið samhlíða minnkuðu starfshlutfalli.

□ Vinnuveitandi skal leitast við að koma til móts við óskir starfsmanns um tilhögun foreldraorlofs.

□ Starfsmanni er óheimilt nema með sérstöku samþykki vinnuveitanda að taka lengra foreldraorlof en fjóra mánuði á hverju tólf mánaða tímabili.

■ **46. gr.** *Tilkynning um foreldraorlof.*

□ Starfsmaður öðlast rétt til foreldraorlofs eftir að hafa starfað samfellt í sex mánuði hjá sama vinnuveitanda. Á það við hvort sem starfsmaðurinn hefur verið ráðinn tímabundið eða ótímabundið.

□ Starfsmaður sem hyggst nýta sér rétt til foreldraorlofs skal tilkynna það vinnuveitanda eins fljótt og kostur er og í síðasta lagi sex vikum fyrir fyrirhugaðan upphafsdag orlofs. Tilkynning um töku foreldraorlofs skal vera skrifleg og skal þar tilgreina fyrirhugaðan upphafsdag orlofsins, lengd og tilhögun. Skal vinnuveitandi árita tilkynninguna um móttökudagsetningu og afhenda starfsmanninum og Vinnumálastofnun afrit hennar.

□ Vinnuveitandi skal skrá töku foreldraorlofs þannig að starfsmaður geti fengið vottorð um fjölda tekinna foreldraorlofsdaga óski hann þess.

■ 47. gr. *Frestun eða aðrar breytingar á tilhögun foreldraorlofs.*

□ Geti vinnuveitandi ekki fallist á óskir starfsmanns um tilhögun foreldraorlofs skal hann að höfðu samráði við starfsmann tilkynna um aðra tilhögun innan viku frá móttökudagsetningu tilkynningar, sbr. 2. mgr. 46. gr. Skal það gert skriflega, ástæður þess tilgreindar og ef um frestun er að ræða skal tekið fram hve lengi frestunin varir.

□ Frestun er eingöngu heimil þegar fyrir hendi eru sérstakar aðstæður í rekstri fyrirtækis/stofnunar sem gera slíkt nauðsynlegt, svo sem ef um er að ræða árstíðabundin störf, ef ekki tekst að finna hæfan staðgengil, ef umtalsverður hluti starfsmanna sækir um foreldraorlof á sama tíma eða viðkomandi starfsmaður gegnir lykilhlutverki í æstu stjórn fyrirtækis eða stofnunar.

□ Vinnuveitanda er aldrei heimilt að fresta foreldraorlofi lengur en í sex mánuði frá þeim tíma sem foreldraorlof átti að hefjast samkvæmt óskum starfsmanns nema með samþykki hans.

□ Óheimilt er að fresta foreldraorlofi sem er í beinu framhaldi af fæðingarorlofi eða ef barn veikist svo að nærvera foreldris er nauðsynleg. Einnig er frestun óheimil hafi vinnuveitandi fallist á orlofstökuna eða liðinn er frestur skv. 1. mgr. án svars frá vinnuveitanda.

□ Verði ákvörðun vinnuveitanda um frestun foreldraorlofs til þess að starfsmaður nær ekki að ljúka foreldraorlofi áður en barn hans nær átta ára aldri lengist sá tími sem heimilt er að taka foreldraorlof á til þess dags er barn nær níu ára aldri.

■ 48. gr. *Vernd uppsafnaðra réttinda.*

□ Þau réttindi sem starfsmaður hefur þegar áunnið sér eða er að ávinna sér á upphafsdegi foreldraorlofs skulu haldast óbreytt til loka orlofsins. Við lok orlofsins skulu þessi réttindi gilda, sem og breytingar sem kunna að hafa orðið á grundvelli laga eða kjarasamninga.

XII. kafli. Sameiginleg ákvæði.**■ 49. gr.** *Réttur til starfs.*

□ Ráðningarsamband milli starfsmanns og vinnuveitanda skal haldast óbreytt í fæðingar- og foreldraorlofi.

□ Starfsmaður skal eiga rétt á að hverfa aftur til starfs síns að loknu fæðingar- eða foreldraorlofi. Sé þess ekki kostur skal hann eiga rétt á sambærilegu starfi hjá vinnuveitanda í samræmi við ráðningarsamning.

■ 50. gr. *Vernd gegn uppsögnum.*

□ Óheimilt er að segja starfsmanni upp störfum á grundvelli þess að hann hafi tilkynnt um fyrirhugaða töku fæðingar- eða foreldraorlofs skv. 12. eða 46. gr. eða er í fæðingar- eða foreldraorlofi nema gildar ástæður séu fyrir hendi og skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja uppsögninni. Sama gildir um uppsagnir barnshafandi starfsmanns og starfsmanns sem nýlega hefur fætt barn.

■ 51. gr. *Skaðabótaskylda.*

□ Brjótí vinnuveitandi gegn ákvæðum laga þessara varðar það skaðabótaskyldu samkvæmt almennum reglum.

■ 52. gr. *Brottfall réttinda foreldra.*

□ [Réttur foreldra til fæðingar- og foreldraorlofs fellur niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs, sem og við andlát barns. Sama gildir um rétt foreldra til fæðingarstyrks. Í þeim tilvikum þegar barn yngra en 24 mánaða andast ber Þjóðskrá Íslands að tilkynna um andlátíð til Vinnumálastofnunar, enda geta foreldrar sem verða fyrir barnsmissi átt rétt á greiðslum á grundvelli laga um sorgarleyfi.]¹⁾

□ Í tilvikum skv. 1. mgr. skulu kynforeldrar eiga sameiginlegan rétt á tveggja mánaða fæðingarorlofi eftir fæðingu barns. Þá eiga kynforeldrar, sbr. 2. mgr. 1. gr., sameiginlega rétt á greiðslu fæðingarstyrks í tvo mánuði eftir fæðingu barns.

□ Ef annað foreldrið á rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði skv. V. kafla og nýtir hluta af sameiginlegum rétti foreldra skv. 2. mgr. stýttist réttur hins foreldrisins til fæðingarstyrks skv. VIII. kafla sem því nemur eigi hitt foreldrið rétt á fæðingarstyrk. Að sama skapi stýttist það tímabil sem foreldri á rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði skv. V. kafla nýti hitt foreldrið rétt sinn til fæðingarstyrks á því tímabili sem foreldrar eiga sameiginlegan rétt skv. 2. mgr.

¹⁾ L. 77/2022, 38. gr.

■ 53. gr. *Ósamrýmanleg réttindi.*

□ Foreldri sem nýtur fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði getur ekki á sama tímabili nýtt rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum þessum með öðru barni.

□ Foreldri sem nýtur greiðslna úr Atvinnuleysistrygginga-sjóði samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar getur ekki á sama tímabili nýtt rétt sinn til fæðingarstyrks, greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eða foreldraorlofs samkvæmt lögum þessum.

□ Foreldri sem nýtur slysadagpeninga samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga, sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar eða endurhæfingarlífeyris samkvæmt lögum um félagslega aðstoð getur ekki á sama tímabili nýtt rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum þessum.

□ Foreldri sem nýtur greiðslna sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóði stéttarfélags getur ekki á sama tímabili nýtt rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum þessum.

□ Foreldri sem nýtur bóta frá tryggingafélagi sem koma í stað launa vegna tímabundins atvinnutjóns getur ekki á sama tímabili nýtt rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum þessum.

□ Foreldri sem nýtur greiðslna samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna getur ekki á sama tímabili nýtt rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum þessum.

□ Foreldri sem nýtur orlofslauna getur ekki nýtt rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum þessum á sama tímabili og þær greiðslur eiga við um.

□ Foreldri sem nýtur greiðslna vegna starfsloka, þ.m.t. orlofslauna, getur ekki nýtt rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum þessum á sama tímabili og þær greiðslur eiga við um. Fáir foreldri greidd orlofslaun vegna starfsloka á sama tíma og foreldrið fær fæðingarstyrk eða greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði skal foreldri tilkynna Vinnumálastofnun um umrædd orlofslaun þegar í stað sem og fyrir hvaða tímabil orlofslaunin eru ætluð og er þá við það miðað að það verði fyrir lok næsta orlofsárs þar á eftir, sbr. lög um orlof. Á foreldri þá ekki rétt á fæðingarstyrk eða greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði fyrir sama tímabil og er þá litið svo á að fæðingarorlof foreldrisins frestist um þann tíma sé því ekki lokið og getur foreldrið sótt um breytingu á tilhögun fæðingarorlofs eða greiðslu fæðingarstyrks því til samræmis. Þrátt fyrir 2. málsl. skal foreldri sem

fætt hefur barn vera í fæðingarorlofi fyrstu tvær vikurnar eftir fæðingu barns, sbr. 3. mgr. 8. gr., og frestast fæðingarorlof foreldrisins þá eftir þann tíma. Að öðru leyti, svo sem hvað varðar aðrar greiðslur vegna starfsloka en orlofslaun, gildir 1. mgr. 25. gr. eftir því sem við getur átt.

□ Greiðslur frá öðrum ríkjum vegna sömu fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur og fyrir sama tímabil koma til frádráttar greiðslu úr Fæðingarorlofs-sjóði skv. V. kafla og greiðslu fæðingarstyrks skv. VIII. kafla.

□ [Foreldri sem nýtur greiðslna í sorgarleyfi samkvæmt lög-um um sorgarleyfi getur ekki á sama tímabili nýtt rétt sinn til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum þess-um.]¹⁾

¹⁾ L. 77/2022, 38. gr.

■ **54. gr. Árleg endurskoðun fjárhæða.**

□ Fjárhæðir greiðslna til foreldris úr Fæðingarorlofssjóði skv. 1. og 3. mgr. 24. gr. og greiðslna fæðingarstyrks skv. 1. mgr. 38. gr. skulu koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála.

□ Þrátt fyrir 1. mgr. er ráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæðunum, sbr. 1. mgr., til hækkunar um hver áramót ef verulegar breytingar verða á launapróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga.

□ Komi til breytinga á fjárhæðum á grundvelli 1. eða 2. mgr. skal ráðherra setja reglugerð¹⁾ þar sem fjárhæðunum er breytt.

¹⁾ Rg. 1510/2022..

■ **55. gr. Fjárnám óheimilt.**

□ Óheimilt er að gera fjárnám í greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrk samkvæmt lögum þessum sem ekki hafa verið greiddar til foreldris. Þá er jafnframt óheimilt að taka greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrk til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda.

■ **56. gr. Milliríkjasamningar.**

□ Við framkvæmd laga þessara skal tekið tillit til milliríkjasamninga á sviði almannatrygginga og félagsmála sem Ísland er aðili að.

■ **57. gr. Reglugerðarheimild.**

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, svo sem um mat á starfshlutfalli sjálfstætt starfandi ein-

staklinga, rétt þeirra sem gegna störfum á innlendum vinnu- markaði sem eru undanskilin greiðslu tryggingagjalds lögum samkvæmt, rétt þeirra sem hafa starfað í öðrum aðildarríkjum að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. einnig gerðir sem felldar hafa verið undir VI. viðauka samningsins, aðildarríkjum að Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar og hvaða greiðslna frá vinnuveitendum heimilt sé að taka tillit til við útreikninga skv. 1. mgr. 25. gr. Reglugerðarheimild ráðherra skv. 1. málsl. nær einnig til setningar reglugerðar þar sem nánar er kveðið á um skilyrði fyrir tilfærslu réttinda skv. 8. mgr. 9. gr. og 8. mgr. 30. gr.

■ **58. gr. Gildistaka og lagaskil.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2021 og eiga við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2021 eða síðar.

□ Við gildistöku laga þessara falla brott lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, en halda gildi sínu um rétt foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur fyrir 1. janúar 2021.

■ **59. gr. Breyting á öðrum lögum. . .**

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.**

□ Ákvæði 1. mgr. 8. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. skulu sæta endurskoðun þar sem einkum skal horft til þess hvornig tekist hefur að uppfylla markmið laga þessara, sbr. 2. gr. Skal ráðherra skila Alþingi skýrslu um endurskoðunina, og eftir atvikum leggja fram lagafrumvarp, innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara.

■ **II.**

□ Skipa skal starfshóp á vegum dómsmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis, þar sem einnig eigi sæti fulltrúi ríkislög- reglustjóra, sem leggi fram tillögur með það að markmiði að ótekinn fæðingarorlofsréttur foreldris sem látið er sæta nálgunarbanni skuli færast til hins foreldrisins. Starfshópurinn skoði hvornig breyta skuli lögnum í því skyni og hvort sam- hliða þurfi að breyta lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Starfshópurinn skili niðurstöðum sínum eigi síðar en 1. mars 2021. Ráðherra leggi, eftir atvikum, fram frum- varp sem byggist á niðurstöðum starfshópsins eigi síðar en 1. apríl 2021.